

Almennur fundur í Fjallskiladeild Víðdælinga haldinn í Víðihlíð 7. apríl 2011 kl. 21:30.

Sigtryggur Sigurvaldason formaður setti fund og stakk uppá Ólafi Benediktssyni sem fundarstjóra og Júlíusi Guðna sem fundarritara og tóku þeir til starfa.

1. Sigtryggur Sigurvaldason fór yfir helstu verkefni á vegum deildarinnar sl. ár. Hann benti á að það gæti orkað tvímælis að leyfa upprekstur það snemma að ekki sé búið að gera við varnargirðingu. Hann sagði frá helstu framkvæmdum á árinu. Sigtryggur greindi frá sundurliðun kostnaðar og tekna deildarinnar fyrir árið 2010. (Sjá síðustu fundargerð stjórnar).
2. Almennar umræður: Magnús Elíasson ræddi álagningu fjallskila. Óeðlilegt að þeir sem eiga stóra jörð og þurfa ekki að nota afrétt borgi í raun meira. Sigtryggur svaraði Magnúsi. Hann ræddi einnig framtíð Fosshólsskála. Pétur Þórukoti spurði um rekstrartekjur af skálum. Gunnar Þorgeirsson ræddi tilhögun seinni gangna og taldi þær hafa gengið mjög vel sl. haust. Hann taldi mjög mikilvægt að í gildi sé undanþága til aksturs hjóla við smölun á afrétti. Júlíus ræddi ýmis mál sem snerta fjallskilamálefni. Ingvar Ragnarsson ræddi tilhögun seinni gangna. Hann ræddi girðingamál, vegagerð í Hrappsstaðabrekku, Fosshól o.fl. Ingvar Jóhannsson ræddi notkun hjóla í göngum og viðhald heiðargirðinga. Ólafur Benediktsson ræddi hjólanotkun í göngum, innheimtu fjallskila, smölun L-Hlíðar, nauðsyn á kostnaðargreiningu varðandi framkvæmdi á Fosshól. Sigtryggur svaraði spurningum. Gunnar Fitjum ræddi hjólanotkun og flutninga í göngum. Til máls tóku Júlíus, Gunnar, Ingvar jón., Sigurbjartur um ýmis mál.

Fleira ekki tekið fyrir , fundi slitið.

Ólafur Benediktsson fundarstjóri(sign.),

Júlíus Guðni fundarritari(sign.),

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).